

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um áfrýjun á dómi komissarii. 181
 — Með þóknanlegu brjefi 2. þ. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað rjettar- 26. ágúst. skjölin í máli því, er höfðað var gegn Þorbjörgu Sveinsdóttur o. fl. fyrir yfirstöplan 298. og 108. grein hegningarlaganna, og hefir Jón ritari Jónsson kveðið upp dóm í því samkvæmt allrahæstri umboðsskrá 1. júlí f. á.; þar með hafið þjer og sent brjef um sama efni frá amtmanninum í suðurumdæmi Íslands, og hafið þjer lagt það til, að dómnum verði skotið til hins konunglega íslenzka landsyfjrrjettar, að því er alla sakborninga snertir.

Það skal nú eigi hjá líða látið, að tjá yður þóknanlega um þetta efni, að ráðgjafinn hlýtur að vera á sama máli sem þjer, herra landshöfðingi, um það, að áfrýja beri dóminum í heild sinni, en að honum beri að skjóta beint til hæstarjettar samkvæmt reglunum í 11. gr. tilsk. 11. júlí 1800. Yður eru nú endursend málsskjölin og skal þjónustusamlega á yður skorað, að yður mætti þóknast að gjöra ráðstafanir þær, sem þörf er á, til þess að málinu verði stefnt fyrir þann rjett.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eptirlaun uppgjafaprests. — 182
 Með þóknanlegu brjefi 28. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þýðingu af 26. ágúst. bórnarbrjefi frá sira Jóni Thóraransen, er fyr var prestur til Saurbøjarþinga í Dalaprófastsdæmi, og sækir hann þar um, að eptirlaun þau, er honum bera, verði ákveðin 250 kr. árlega samkvæmt 3. gr. laga 27. febr. 1880, en þá er honum var lausn veitt, voru þau samkvæmt 2. gr. nefndra laga ákveðin 190 kr. árlega. Jafnframt hafið þjer látið það álit í ljósi, að eigi sje sannað, að sjúkleikur sá, er valdið hefir því, að beiðandinn varð að fá lausn frá embætti, standi í afleiðingasambandi við framkvæmd embættisstarfa hans, en það hljóti eptir innihaldi tjeðrar lagaákvörðunar að vera skilyrði fyrir því, að ákvæði hennar verði beitt, og muni því eigi fært vera að verða við beiðni umsökjandans. Hins vegar hafið þjer skotið því til ráðgjafans, hvort ástæða kynni til að vera, að leitast við í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1884—85, og ef til kemur, einnig í fjárlagalagafrumvarpi fyrir fjárhagstímabil það, er nú stendur yfir, að fá eptirlaun þau, er beiðanda voru veitt, er hann fekk lausn, hækkuð upp í 250 kr. um árið.

Af þessu tilefni skal eigi undanfelld að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer birtið það beiðandanum, að ráðgjafinn verður af ástæðum þeim, er þjer hafið fram tekið, herra landshöfðingi, að vera á sama máli sem þjer um það, að eigi verði unnt að reikna eptirlaun beiðanda eptir 3 gr. laga 27. febr. 1880. En af brjefi ráðgjafans dags. í dag um viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestaekkna, má þóknanlega sjá, að ráðgjafinn hefir í hyggju að beiðast á fjárlögunum fyrir næsta fjárhagstímabil styrks til þeirra uppgjafapresta, sem lausn hafa fengið frá embætti, eptir að lög 27. febr. 1880 náðu gildi, og geta því eigi góðs af notið fjárstyrk þeim, er veittur er fátökum uppgjafaprestum með 13. gr. A, b, 4 fjárlaganna, sbr. 6. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, en eru þó eins styrkþurfandi eins og hinir, er lausn höfðu þegið, áður en tjeð lög náðu gildi, og er ráðgjafinn fús á, að taka beiðandann með í tölu þeirra uppgjafapresta, er slíkrar veitingar verður leitað handa.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eptirlit með flutningi vinfanga frá Danmörku til Íslands¹. — Útaf þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, 28. ágúst. 1882.

¹) Samber við þetta brjef og fylgiskjöl þess umburðarbrjef dómsmálastjórnarinnar frá 15. marz 1873. Tíð. um stjórnarmálefni III. bls. 590—592.

4. dag oktrmánaðar 1882.

183 26. apr. þ. á. um skekkju, er vera þótti á tollseðlunum fyrir brennivíni nokkru, er flutt
28. ágúst. hafði verið til Vestmannaeyja frá Kaupmannahöfn, skýrði ráðgjafinn aðalforstjórn skatt-
ámálanna frá atvikum þessa máls, og hefir nú frá henni fengið brjef það, er þessu brjefi
fylgir, ásamt fylgiskjali, og munuð þjer af því sjá, hvað aðalforstjórnin hefir þózt fær
um að gjöra, til að herða eptirlitið hjer, með útflutningi brennivíns til Íslands.

16107 Í síðustu grein brjefsins er þess getið, að eptir því sem aðalforstjórninni sje frá
skýrt, hafi bæði verzunarhúsið [firma] Neergaard Meyer og aðrir, er vínvöru senda til
Íslands, til síðs, þá er þeir senda vínföng, að telja í útflutningsskýrslunum miklu meira af
þeim til skipsforða, en nokkur líkindi sjeu til, að til þess sje ætluð. Tollþjónustumennirnir
í Danmörku eiga nú ekki svo auðvelt með, að tálma þessu, en tilgangurinn með þeirri
aðferð virðist muni vera sá, að hafa af landssjóði Íslands aðflutningsgjald það, er honum
ber; og vil jeg mælast til þess, að þjer hafið gætur á, að girt verði fyrir með eptirlitinu
á Íslandi, að tollsvik verði framin á þennan hátt.

281 — Fylgiskjal 1. Í brjefi aðaltollstjórnarinnar frá 3. ágúst segir svo:

Ráðgjafinn hefir sent hingað eptirrit af brjefi dags. 15. okt. f. á. til landshöfð-
ingjans yfir Íslandi, þar sem sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum skýrir frá því, að hann
hafi rannsakað 28 tn. brennivíns, sem þangað voru fluttar 15. maí f. á. með skipinu
«Sophie Amalie». Samkvæmt tollseðli frá tollheimtuskrifstofunni í Nýhöfn dags. 28. ap-
ríl næst undanfarandi áttu í hverri þessara tunna að vera 112 pottar; en við rannsókna-
ina varð sú raun á, að 119 pottar voru í hverri. Ráðgjafinn hefir nú vísað til 4. tölu-
liðar í umburðarbrjefi aðaltollstjórnarinnar 18. maí 1872, og skotið því jafnframt til
hennar, hvort eigiværi neitt unnt að gjöra af tollheimtumanna hálfu til að koma í veg fyrir,
að í tollseðlinum verði rangt skýrt frá um tollskyldar vörur, sem hjeðan eru fluttar til
Íslands.

Af þessu tilefni vill aðaltollstjórnin eigi undir höfuð leggjast að tjá yður þjón-
ustusamlegast það, er nú greinir,

Samkvæmt skýrslum, er útvegaðar hafa verið frá yfirstjórn tollmálanna í Kaup-
mannahöfn hafa eigi með tjeðu skipi verið hjeðan fluttar nema 15 tonn af brennivíni,
er hver tók 14 «viertla»; voru allar tonnurnar fluttar út frá «spritt-frilager» Fr. Neergaard
Meyers, og hafði hann skýrt frá, að í hverri þeirra væru 112 pottar.

Tollarar þjer, er hlut áttu að máli, rannsökuðu á venjulegan hátt með lagar-
kvarðanum, það sem var í tunnum þessum, og með því að pottatala sú, er sögð var
vera í tunnunum, kom heim við rannsókn þessa, verður eigi fundið að vottorði því, er
tollararnir hafa gefið í máli þessu. Svo er sem sje mál með vexti, að 7 potta munar á
tunnu hverri gætir eigi nógu glögglega, þá er svo stórar ámur eru rannsakaðar með
hollenzka lagarkvarðanum, einkum þá er tonnurnar eru eigi alveg lagaðar eptir venjuleg-
um hætti. En það er hvorttveggja, að tollara skortir algjörlega heimild til að tæma
tunnurnar til að mæla nákvæmlega úr þeim vínföng, sem engin tolluppbót er fyrir greidd,
svo sem hjer stóð á, enda mundi það baka umsjónarmönnunum óhæfilegt ómak, er þjer
stundum mundu eigi fá yfir komizt.

281 Aðalstjórnin getur nú eigi boðið þeim, er hjeðan flytja brennivín af landi, að
hafa það á lögmerktum («jústeruðum») tunnum, og finni íslenzka stjórnin eigi ástæðu til
að setja slíka ákvörðun um aðflutning brennivíns til Íslands, þá sjer aðaltollstjórnin sjer
eigi fært að gjöra annað í þessu efni, en það, sem lún hefir gjört í dag, en það er, að

hún hefir heimilað yfirtollstjórninni í Khöfn, að láta framvegis vega vínfanga-ámur, **183** sem fluttar verða til Íslands frá «transit» eða «frilager», og skal aðferðinni við vigt þessa **28. ágúst.** hagað eptir fyrirmælunum í umburðarbrjefasafni aðaltollstjórnarinnar Nr. 4/1881, og er eintak af því látið fylgja brefi þessu. Svo var það og af tilefni því, er hjer er fram komið, brýnt á ný fyrir tollurunum, að beita hinni mestu nákvæmni, sem unnt er, við rannsókn á tollskyldum vörum, sem skýrt er frá, að ætlaðar sjeu til útflutnings til Íslands.

Annars er eigi ólíklegt, að misferli því, sem sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum hefir á bent, sje lokið, að minnsta kosti að því er verzlunarhúsið Neergaard Meyer snertir, því að eptir skýrslum, er hjer liggja fyrir, hefir þaðan oft í sumar verið sent brennivín til Íslands, og ávalt nema eitt skipti hefir verið svo frá skýrt, að 120 pottar væru á tunnu hverri.

Að endingu vill aðaltollstjórnin eigi undir höfuð leggjast, að vekja athygli ráðgjafans á því, að hún hefir við þetta tilefni komizt að því, að bæði nefnt verzlunarhús og ýmsir aðrir vörusendendur hafa til síðs, að telja í útflutningsskýrslum sínum langt um meira af ýmsum vínföngum til skipsforða, heldur en nokkur líkindi eru til, að til þessa sje ætlað. Þetta athæfi sjer tollstjórnin hjer sjer ekki vel fært að fyrirbyggja, en það þykir ráða mega í, að tilgangurinn með því sje, að svíkja af landssjóðnum íslenska aðflutningsgjald það, er honum ber.

— Fylgiskjal 2. Í fyrirmælum þeim í umburðarbrjefasafni aðaltollstjórnarinnar, er getur um að framan, segir svo um aðferð þá, er viðhafa skal, þá er pottatal víns er fundið með því að vega það í iláti.

Fyrst skal vega ilátið með því, sem í því er, og skal svo finna innihaldsvigtina (*netto*-vigtina) með því, að draga frá aðalvigtinni (*brúttó*-vigtinni) 18% fyrir umbúðum (*thara*), að svo miklu leyti, sem útflytjandi getur eigi sannað, hvað ilátið vegi, með vottorði frá löggildum vegara, helzt þannig, að vigtin ásamt tölumerki (númer) sje brend á ilátin, og má þá sleppa öðrum útreikningi á iláts-vigtinni, svo framt sjeð verður, að vigt ilátsins hafi eigi verulega breyzt síðan merkið var á það brennt. Síðan er innihaldsvigtinni, sem þannig kemur út, breytt í lagar-mál (potta-tal) samkvæmt töflunni hjer á eptir, er sýnir, hve margir pottar afspíritus við meðalhita samsvari 100 pnd. af spíritus með frá 17 til 7 stiga styrkleika, talið fyrir hvern stig-fjórðung. Leiðrjetting þá, er gjöra þarf fyrir afbrigðum hitans, skal gjöra á venjulegan hátt:

| 100 pd. = pottar. | | 100 pd. = pottar. | | 100 pd. = pottar. | | 100 pd. = pottar. | |
|--------------------------------|-------|--------------------------------|-------|--------------------------------|-------|-------------------------------|-------|
| 17 ⁰ | 64,42 | 14 ^{1/2} ⁰ | 60,78 | 12 ⁰ | 58,17 | 9 ^{1/2} ⁰ | 56,09 |
| 16 ^{3/4} ⁰ | 64,01 | 14 ^{1/4} ⁰ | 60,52 | 11 ^{3/4} ⁰ | 57,96 | 9 ^{1/4} ⁰ | 55,89 |
| 16 ^{1/2} ⁰ | 63,60 | 14 ⁰ | 60,25 | 11 ^{1/2} ⁰ | 57,75 | 9 ⁰ | 55,69 |
| 16 ^{1/4} ⁰ | 63,19 | 13 ^{3/4} ⁰ | 59,99 | 11 ^{1/4} ⁰ | 57,54 | 8 ^{3/4} ⁰ | 55,52 |
| 16 ⁰ | 62,78 | 13 ^{1/2} ⁰ | 59,72 | 11 ⁰ | 57,33 | 8 ^{1/2} ⁰ | 55,36 |
| 15 ^{3/4} ⁰ | 62,41 | 13 ^{1/4} ⁰ | 59,46 | 10 ^{3/4} ⁰ | 57,12 | 8 ^{1/4} ⁰ | 55,19 |
| 15 ^{1/2} ⁰ | 62,05 | 13 ⁰ | 59,19 | 10 ^{1/2} ⁰ | 56,91 | 8 ⁰ | 55,02 |
| 15 ^{1/4} ⁰ | 61,68 | 12 ^{3/4} ⁰ | 58,94 | 10 ^{1/4} ⁰ | 56,69 | 7 ^{3/4} ⁰ | 54,87 |
| 15 ⁰ | 61,31 | 12 ^{1/2} ⁰ | 58,68 | 10 ⁰ | 56,48 | 7 ^{1/2} ⁰ | 54,73 |
| 14 ^{3/4} ⁰ | 61,05 | 12 ^{1/4} ⁰ | 58,43 | 9 ^{3/4} ⁰ | 56,28 | 7 ^{1/4} ⁰ | 54,58 |
| | | | | | | 7 ⁰ | 54,43 |

Dæmi: vegi þannig spíritusáma 954 pd. að iláts-vigt fráreginni, og sje það fundið að styrkleikur vínandans, leiðrjettur eptir hitastiginu, sje 16^{1/4}⁰ á styrkta-mæli, þá eru í ámunni $\frac{954 \times 63,19}{100} = 602,8$, eða 603 pottar.

183
28. ágúst. Þess ber að geta í skýrslunni um hvert það ílát, er innihaldsmegn þess er fundið eftir töflunni, hve mikið það vegi með því, sem í því er, og hve sterkur vínandinn sje.

Styrkleiki vínfanga er mældur á þessa leið:

Mælinum er sökkt niður í lög þann, er reyna skal, og látinn fljóta þannig litla hríð, svo að hitamælirinn geti náð að sýna rjett hitastig. Sje hitinn 9° á Reaumursmæli eða vísi mælirinn á T á leiðrjettingar-kvarðanum, þá hefir lögurinn þann styrkleik, er stiga-mælirinn vísar til. Sje hitinn minni, t. d. $\frac{1}{8}^{\circ}$, þá skal þetta lagt við styrkleikastig það, er stigamælirinn sýnir, þannig að ef það er brennivín, sem mæla skal og leiðrjettingarkvarðinn sýnir $\frac{1}{8}^{\circ}$ undir T, en stiga-mælirinn sýnir $7\frac{7}{8}^{\circ}$, þá er brennivínið í raun rjettri 8° . Öfugt er að farið, ef hitinn er yfir T, þá er það, sem yfir er, dregið frá styrkleika þeim, er stigamælirinn sýnir. Þá er lesa skal á mælinn, verður ávallt að gæta þess, að augað sje í alveg lárjettri línu við yfirborð lagarins.

184
28. ágúst. — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um stjórnartíðindi handa póstmönnum. — Í þóknanlegu brjefi 19. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, lagt það til, að frá 1. jan. 1883 megi veita póstmestararnum í Reykjavík og hverjum um sig af hinum íslenzku póstafræiðslumönnum 1 eintak ókeyppis af A-deild og B-deild stjórnartíðindanna með þeim skildaga, að tíðindin fylgi framvegis embættinu og afgreiðslunni sem áhöld, er hverjum afgreiðslumanni, er frá fer, ber að skila eptirmanni sínum. Út af þessu skal eigi hjá líða látið að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og nauðsynlegrar ráðstöfunar, að jeg fellst á tillögu yðar, og skal þess jafnframt getið, að eintaka-tölu þeirri, er yður hefir hingað til send verið, herra landshöfðingi, af A-deildinni, mun frá nýjári verða fjölgað um 25, svo að eintökin verði alls 875, er yður verða send.

185
28. ágúst. — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um brennisteinsnámana í Þingeyjarsýslu. — Það skal eigi hjá líða látið, að tjá yður með brjefi þessu til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer birtið það víðar, að 15. þ. m. hefir ráðgjafinn viðurkennt, að «The Iceland Sulphur and Copper Company Limited» í Lundúnum hafi öðlazzt öll rjettindi og skyldur hins fyrra leigunauts Th. G. Patersons, samkvæmt samningi þeim um leigu á brennisteinsnámanum landssjóðs í Þingeyjarsýslu í norður- og austurumdæmi Íslands, er gjörðist 13. apríl 1872 milli dómsmálastjórnarinnar og Alfreds G. Lock's.

186
29. ágúst. — Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslum um jarðamatsstörf hreppsnefnda. — Frá amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu hefir hingað komið brjef yðar, herra sýslumaður, frá 29. júní þ. á. með erindi hreppsnefndarinnar í Hvitársíðuhreppi frá 17. s. m., þar sem meðal annars þess er farið á leit, að frestur verði veittur með að senda sýslunefndum jarðalýsingar þær o. fl. sem heimtað er í brjefi ráðgjafans fyrir Ísland frá 28. febr. þ. á. og brjefi landshöfðingja frá 1. apr. þ. á. Fyrir því vil jeg vísa yður, herra sýslumaður, til brjefs landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu frá 28. f. m. (B. 165) og taka fram, að sýslunefndinni í Mýrasýslu sje innanhandar að veita einstökum hreppum nokkurn frest í nefndu tilliti, ef hann verður ekki því til fyrirstöðu, að sýslunefndin afgreiði jarðamat-ið með öðrum hvorum þeirra 2. pósta, er eiga að koma við á Arnarholti 14. og 16. nóvember þ. á. á leið sinni hingað.